

Föstudaginn 24. október 1997.

Nr. 443/1997.

**Fjölur Torfason og  
Þorbjörg Arnórsdóttir**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

**Sameigendafélagi Fells**

(enginn)

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 6. október 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að máli varnaraðila á hendur þeim yrði vísað frá dómi. Um kæruheimild vísa sóknaraðilar til j-liðar 1. mgr. 143. gr. og 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðila gert að greiða þeim málskostnað í hér- aði og kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 má kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um, að máli sé vísað frá dómi. Hins vegar er hvorki í þessum staflið né í öðrum fyrirmælum greinarinnar heimilað að kæra til Hæstaréttar úrskurð, þar sem kröfu um frá- vísun máls er hafnað, en í henni eru kæruheimildir í einkamálum tæmandi taldar. Brestur því heimild til þessa málskots, og verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.